




FYRIR

Núverandi deiliskipulag




EFTIR

Breytt deiliskipulag




Greinargerð.

Deiliskipulag Fossaleynir, knattspyrnuhús stgr.2.4 var samþykkt í borgarráði þann ___________ árið 2000. Síðari tíma breyting, sbr. uppdráttur dags. 19.03.2004, br. 11.04.2005. Sú breyting fól í sér að stígur á bæjarlandi meðfram Víkurvegi færðist inn á lóð Egilshallar, sem kvöð um göngustíg og lagnir.

Breyting frá gildandi skipulagi, sbr. uppdráttur þessi dags. 17.07.2005, felst í nokkrum eftirtöldum atriðum:

- stækkun lóðar Egilshallar úr núverandi 47.172m² í ca. 94.000m². Nýtingarhlutfall lóðar er óbreytt, 0.55.

- göngustígur norðan knatthúss færist til norðurs og verður hluti af lóðinni, sem kvöð um göngustíg og lagnir. Frágangur í kringum lagnir verður í samráði við O.R.

- akfær göngustígur kringum lóðina færist til.

- gert er ráð fyrir hringtorgi á Víkurvegi með nýrri viðbótaraðkomu að lóðinni.

- fyrirkomulag aðkomu að lóðinni frá Fossaleyni, breytist, stútar færast til.

- fyrirkomulagi bílastæða á lóð er breytt og þeim fjölgað úr 850 í ca 1600m², þa. ca 400 í bílgeymslu. Efir sem áður er gert ráð fyrir að nýta malarvöll undir bílastæði eftir þörfum.

- gert er ráð fyrir nýjum vegi fyrir vöruaðkomu að austurgafli knatthúss og að bílastæðum við fyrirhugaðan gervigrasvöll.

-mön við vesturmörk lóðar færist út fyrir lóðamörk.

Auk ofangreindra breytinga er gert ráð fyrir eftirfarandi:

- Byggingarreitir stækka og þeim fjölgar:

A.
Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að byggja kvikmyndahús með 4 misstórum sölum, sem áætlað er að rúmi um 1000 manns samtals. Á jarðhæð verður keiluhöll og möguleg bílageymsla í kjallara. Þessi bygging er ráðgerð sunnan við núverandi Egilshöll, í framhaldi af Vesturhúsi, sem hýsir m.a. skautasvell. Hámarks mænishæð byggingar verður K=54.00 sbr. Vesturhús. Hámarksbyggingarmagn húss er ráðgert um 10.000m² auk bílgeymslu.

B.
Norðan við Vesturhús er gert ráð fyrir byggingu fyrir innigolf. Hámarks mænishæð byggingar verður K=54.00 sbr. Vesturhús. Hámarksbyggingarmagn innigolfhúss er ráðgert um 2.000m².

C.
Á nýjum byggingarreit á austurgafli knatthúss er gert ráð fyrir viðbótar geymslum. Hámarks mænishæð byggingar verður K=43.00. Hámarksbyggingarmagn er ráðgert um 1.000m².

D
Gert er ráð fyrir opinni bílgeymslu fyrir ca 400 bíla. Stærð bílgeymslu er áætluð um 11.000m².

E.
Vestan við Vesturhús, að Víkurvegi, er gert ráð fyrir geymslubyggingu, m.a. fyrir sorp. Hámarks mænishæð byggingar verður K=43.00. Hámarksbyggingarmagn er ráðgert um 700m².

F.
Norðan við knatthús er gert ráð fyrir afgirtum sparkvöllum.

G.
Nyrst á lóðinni er gert ráð fyrir gervigrasvelli í fullri stærð.

| | |
|---|---|
| (rauð strikalína) | Mörk skipulagssvæða |
| O | Opin svæði til sérstakra nota |
| 000 m² | Stærð lóðar í fermetrum |
| | Óbundin byggingarlína |
| | bílgeymsla |
| | Núverandi byggingar |
| A | Nýbyggingar |
| P92 | Fjöldi bílastæða |
| N= | Nýtingarhlutfall |
| K=52.00 | Hámarkshæð byggingar |
| o o o o | Göngu- og hjólreiðastígur |

Mæliblað sýnir nánar lóðamörk, byggingarreiti, innkeyrslur inn á lóðir og kvaðir ef einhverjar eru.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í Skipulagsráði þann 1. mars 2006

og í Borgarráði þann 9. mars 2006.

Tillagan var auglýst frá 13. sept. 2005

með athugasemdafresti til 25. okt. 2005.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 200_.

Helga Jónsdóttir

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| BREYTT | | | | | | | |
| 1) | | | | | | | |
| HEITI VERKS: **ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN FOSSALEYNI 1, REYKJAVÍK** | | | | | | | |
| HEITI TEIKNINGAR: DEILISKIPULAGSBREYTING | | | | | | | |
| DAGS.: | 01.10.2005 | HANNAÐ: | JL,KÁ | YFIRF.: | JL,KÁ | TEIKNAÐ: | JL |
| VERKNR: | | KVARÐI: | 1:1000 | | | | |


ALARK arkitektar ehf.
JAKOB EMIL LÍNDAL ARKITEKT FAÍ KT: 050957-3229
KRISTJÁN ÁSGEIRSSON ARKITEKT FAÍ KT: 140956-4309
DALVEGI 18
201 KÓPAVOGI
SÍMI: 534 8800
FAX: 534 8818
KT:501193-2409
alark@alark.is
www.alark.is